


Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2000




Útdráttur úr aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

## SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| byggingarreitur | (V) vatnstökustaður/ lind |
| mörk deiliskipulags | (R) rotþró |
| jarðarmörk (ónákvæm) | |
| núv. bygging | |

## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR:

Um er að ræða deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Vatnsholt í Staðarsveit Snæfellsbæ. Innan afmörkunar deiliskipulagsins er nýbyggt íbúðarhús sem er lögbýli og er fyrirhugað að bæta við tækjageymslu / útihúsi norðan við íbúðarhúsið.

Stærð skipulagsreits er 30.000m².

Aðkoma að lóðinni er um núverandi veg sem liggur frá Snæfellsnesvegi (54).

Innan byggingreits er þegar byggt einnar hæðar íbúðarhús fyrir lögbýli í Vatnsholti.
Norðan við íbúðarhúsið er gert ráð fyrir tækjageymslu að hámarksstærð 300m² og hámarkshæð 5 metrar. Tækjageymslan er geymslustaður fyrir nauðsynleg tæki landeiganda til viðhalds vega, vegslóða, snjóruðnings, viðhaldsframkvæmda við veiðiá og veiðivötn, ræktun túna, kornakra og fl.

Sorp er sótt heim að lögbýli á vegum sveitarfélagsins og skal allur frágangur sorps við hús vera lítt áberandi.

Frárennsli skal leitt í rotþró sem staðsett er sunnan við byggingarreit s.s. sýnt er á uppdrætti. Stærð og staðsetning skal taka mið af reglugerðum þar um.

Vatn er tekið úr lind sem staðsett er ca. 700 metra aust-norð-austan við íbúðarhúsið s.s. sýnt er á uppdrætti og skal vatn uppfylla ákvæði neysluvatnsreglugerðar nr. 536 frá 2001.

Lagnir skulu almennt lagðar í vegstæði.

Ekki er kunnugt um fornminjar innan skipulagsreits en komi einhver merki um slíkt í ljós skal framfylgja 10. og 13.gr. Þjóðminjalaga sem samþykkt voru á alþingi þann 20.05.2001.

Þar sem svæðið nýtur verndar vegna jarðmyndana og vistkerfis skv. 37.gr. laga nr.44/1999 skal allt óþarfa umhverfisrask óheimilt og skal öll umgengni á svæðinu vera eins og best getur orðið.

Uppdrættir eru unnir eftir gögnum sveitarfélagsins.




Yfirlitsuppdráttur mkv. 1:10.000

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar

þann 04.03.2009

Bæjarstjóri Snæfellsbæjar

SNÆFELLSBÆR BÆJARSTJÓRI

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| B | VH | VH | 23.03.2010 |
| Texta breytt. | | | |
| A | VH | VH | 26.01.2010 |
| Byggingareitur B felldur niður og vegur að honum fjarlægður. Byggingareitur A stækkaður. | | | |

BREYTINGAR

ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Validmar Harðarson arkitekt FAÍ, kt. 050151-2559

**Deiliskipulagstillaga**
**Vatnsholt í Staðarsveit Snæfellsbæ**
VERKEFNI

HEITI TEIKNINGAR
**Deiliskipulagsuppdráttur**

MKV. Í A2: 1:2000
TEIKNAÐ: gej
DAGS: 05.06.2009

| VERK NR. | NÚMER TEIKNINGAR | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 0695 | 05-01 | B |